

39

30. júní

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsgr. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsgr. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal, svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfshætti hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

40

30. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „innan tíu ára frá því er lög þessi ganga í gildi“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna kemur: fyrir árslok 1947.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tiltekn-um svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með henni, eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.